

Álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa

Hinn 25. febrúar 2010 gaf kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu nr. M-6/2010:

I

Álitaefni og kröfugerð

Hinn 18. janúar sl. bað X, hér eftir einnig nefndur álitsbeiðandi, um álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna viðgerðar á stýrisvél í bifreiðinni A sem hann segist hafa keypt hjá Y, á árinu 2007. Tvívegis hafi verið gert við stýrisvél bifreiðarinnar og gerir álitsbeiðandi þá kröfu að Y greiði að fullu síðari viðgerðina með því að endurgreiða sér kr. 97.153.

II

Málsmeðferð kæruneftndarinnar

Með bréfi, dags. 19. janúar sl., gaf kæruneftndin Y kost á andsvörum og frest til þess til 1. febrúar. Fresturinn var lengdur til 10. febrúar og bárust andsvörin þann dag. Með bréfi, dags. 11. febrúar, var álitsbeiðanda gefinn kostur á að gera athugasemdir við andsvörin og bárust þau 17. febrúar. Með bréfi, dags. s.d., var aðilum tilkynnt að kæruneftndin hefði tekið málið til afgreiðslu.

III

Málavextir og rökstuðningur álitsbeiðanda

Álitsbeiðandi kveðst hafa keypt bifreiðina A af gerðinni hjá Y á árinu 2007 og hafi hún þá verið tveggja ára gömul. Bifreiðin hafi verið yfirfarin af verkstæði seljanda við kaupin og m.a. hafi verið skipt um stýrisvél 16. ágúst 2007, en stýrisvélin hafi verið sögð ónýt. Á þessum tíma hafi bifreiðin verið ekin 57.774 km. Sumarið 2009 eða í júlí hafi byrjað olíuleki í bifreiðinni og á endanum hafi komið í ljós að stýrisvélin hafi verið dæmd ónýt og því skipt um hana að nýju 4. desember 2009. Þá hafi verið búið að aka bifreiðinni ca 90.000 km. Í álitsbeiðninni segir orðrétt:

„Þar sem liðin eru meira en tvö ár frá fyrri viðgerðinni (16.08.07) og þar til skipt var aftur um stýrisvélina (4.12.2009), þá neitar verkstæðið að um galla sé að ræða, en var tilbúið til að lækka reikninginn um tæplega helming.“

IV

Andsvör gagnaðila

Í andsvörum lögmanns Y segir m.a. eftirfarandi:

„Við framkomna beiðni X um álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna reiknings fyrir skipti á stýrisvél í bifreiðinni A vill umbjóðandi minn gera eftirfarandi athugasemdir í samræmi við 2. mgr. 8. gr. reglugerðar nr. 766/2006 og 13. gr. stjórnslulaga nr. 37/1993.

Umbjóðandi minn mótmælir þeirri kröfu álitsbeiðanda að honum verði gert að kosta skiptin á stýrisvélinni að fullu og telur kröfuna ósanngjarna með tilliti til þess hvernig

atvikum máls þessa háttar. Hvað það varðar er rétt að koma á framfæri ýmsum atriðum sem ekki er að finna í beiðni álitsbeiðanda.

Áður en umrædd viðgerð vegna skipta á stýrisvél var framkvæmd samdi sölustjóri svo um af hálfu álitsbeiðanda við starfsmann umbjóðanda míns að álitsbeiðandi skyldi aðeins bera kostnað að hámarki kr. 100.000 vegna viðgerðarinnar. Var um þetta samið fyrirfram með munnlegu samkomulagi. Sérstaklega ber að taka það fram að um þetta var samið til hagsbóta fyrir álitsbeiðanda þrátt fyrir að komið væri fram yfir ábyrgðartímann. Þegar svo kom til greiðslu reiknings að fjárhæð kr. 97.153 vegna viðgerðarinnar, en þá hafði verið tekið tillit til afsláttar að fjárhæð kr. 82.607, var álitsbeiðandi mjög ósáttur með það þurfa að reiða fram fyrrgreinda fjárhæð sem þó var undir mörkum þeirrar lágmarksfjárhæðar sem um var samið. Kvaðst þá starfsmaður umbjóðanda míns að hann skyldi endurgreiða álitsbeiðanda fjárhæðina ef Z teldi að þjónusta af þeirra hálfu væri ósanngjörn. Raunin varð sú að starfsmaður Z gaf það álit sitt að álitsbeiðandi þyrfti ekki að kvarta yfir þjónustunni sem hann hefði fengið og væri hún að öllu leyti sanngjörn enda komið fram yfir ábyrgðartímann. Telur umbjóðandi minn að beiðni álitsbeiðanda um álit af hálfu kærunefndar lausafjár- og þjónustukaupa sé tilkomin vegna þess að álitsbeiðandi hafi ekki fengið það álit sem hann hafi helst viljað fá frá Z.

Einnig má taka fram að ekki er óalgengt að stýrisvélar og aðrir svipaðir álagshlutir skemmist við hvers kyns ákomu. Til að mynda er ekki óeðlilegt að stýrisvélin skemmist í breyttum bílum. Hlutir sem þessir, þ.e. bílhlutir í stýris- og hjólbúnaði, eru oft undanskildir ábyrgð eða falla undir takmarkaða ábyrgð en þeir njóta að jafnaði ekki lengri ábyrgðar eins og álitsbeiðandi hefur haldið fram.

Við kaup álitsbeiðanda á bifreiðinni A var hún í fullu samræmi við kröfur 15. gr. laga nr. 48/2003. Verður að telja að ekki sé um að ræða galla í skilningi fyrrgreindra laga enda vanrækti umbjóðandi minn á engan hátt að upplýsa kaupanda um atriði varðandi bifreiðina, né gaf hann upplýsingar sem ekki samræmdust raunverulegu ástandi hennar. Við sölu bifreiðarinnar fullnægði hún að ölu leyti opinberum kröfum og kröfum hvað varðar eiginleika sem neytandi mátti vænta að slíkur söluhlutur hefði.

Umbjóðandi minn fellst ekki á að bifreiðin sé haldin galla í skilningi laga um neytendakaup en álitsbeiðandi hefur á engan hátt fært fram sönnur fyrir því en sönnunarbyrði um það hvílir á honum. Verður að telja það líklegast að stýrisvélin hafi farist vegna notkunar sem umbjóðanda mínum verður ekki um kennt. Verður áhættan af því að slíkur hlutur sem um ræðir farist eða bili eftir að tveggja ára tímabilið er útrunnið ekki lögð á umbjóðanda minn.“

V

Athugasemdir álitsbeiðanda

Álitsbeiðandi kveðst hafa haft samband við Z eftir að honum hafi borist andsvör Y. Starfsmaður þar hefði sagt að hann hefði ekki gefið það álit að álitsbeiðandi hefði fengið sanngjarna þjónustu hjá fyrirtækinu. Starfsmaðurinn hefði sagt „að þar sem þetta er 3ja stýrisvél frá upphafi og bíllinn árgerð 2005, skipt um stýrisvél 2007 og síðan aftur 2009 þá teldi hann að reglan um 5 ára ábyrgð gilti.“

VI

Niðurstaða kærunefndarinnar

Kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að ágreiningur álitsbeiðanda og Y falli undir valdsvið nefndarinnar, sbr. III. kafla laga nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og 1. mgr. 7. gr.

reglugerðar nr. 766/2006 um kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa. Ágreiningur aðila fellur undir lög nr. 48/2003 um neytendakaup.

Við afgreiðslu málsins hefur kæruneftndin leitað aðstoðar sérfróðs aðila samkvæmt heimild í 2. mgr. 4. gr. reglugerðar nr. 766/2006.

Eins og fyrir er rakið keypti álitsbeiðandi bifreiðina A af Y á árinu 2007 og var skipt um stýrisvél í henni 16. ágúst s.á. Mun það hafa verið gert fyrir kaupin, eða um svipað leyti, enda segir seljandi að bifreiðin hafi verið yfirfarin af seljanda á þessum tíma. Bifreiðin var að sögn álitsbeiðanda tveggja ára á þessum tíma og hafði verið ekið 57.774 km. Samkvæmt upplýsingum Umferðarstofu var bifreiðin fyrst skráð 7. mars 2005.

Álitsbeiðandi kveðst hafa orðið var við olíuleka ca í júlí 2009 og verður að skilja álitsbeiðni svo að sá leki hafi stafað frá stýrisvélinni. Seljandi setti nýja stýrisvél í bifreiðina 4. desember 2009 en þá var sú stýrisvél sem sett var í bifreiðina 16. ágúst 2007 ónýtt og er það óumdeilt. Bifreiðinni hafði á þessum tíma verið ekið um 90.000 km eða um 34.000 km í eignartíð álitsbeiðanda.

Ekkert er komið fram af hvaða ástæðum stýrisvélina eyðilagðist eftir ekki lengri notkunartíma og er ekki hægt að byggja á því að það hafi verið vegna einherrar illrar meðferðar álitsbeiðanda á henni enda hafa engar vísbendingar komið fram um það. Hafa verður í huga að þetta var í annað sinn sem skipta þurfti um stýrisvélina og var bifreiðin þó ekki eldri en tæplega 5 ára og hafi verið ekið 90.000 km. Er engu líkara en eitthvað hafi verið að þessum íhlut eða ísetningu hans þó að ekkert sé að sjálfsögðu hægt að fullyrða um það.

Kvörtunarfrestur álitsbeiðanda samkvæmt 27. gr. laga nr. 48/2003 að því er stýrisvélina varðar byrjaði að líða frá þeim tíma að fyrri stýrisvélina var sett í bifreiðina, þ.e. 16. ágúst 2007. Stýrisvél er svokallaður íhlutur bifreiðar og verður að álit kæruneftndarinnar ætla henni verulega lengri endingartíma en rétt rúm tvö ár eins og raunin varð um stýrisvélina sem seljandi setti í bifreið álitsbeiðanda 16. ágúst 2007, sbr. ákvæði 2. málsl. 2. mgr. 27. gr. laga nr. 48/2003, þ.e. að kvörtunarfrestur í því tilviki sem hér um ræðir falli undir 5 ára ákvæðið. Það er því álit kæruneftndarinnar að seljandi beri ábyrgð á þeim galla sem kom fram í stýrisvélinni og beri að greiða að fullu þann kostnað sem af viðgerð hans leiddi samkvæmt ákvæðum b-liðar 1. mgr. 26. gr. laga nr. 48/2003.

Í andsvörum seljanda er látið að því liggja að komist hafi á samningur milli álitsbeiðanda og seljanda um að álitsbeiðandi greiddi kr. 100.000 af viðgerðarkostnaðinum. Ekkert frekar er upplýst um þessa samningsgerð auk þess sem óheimilt er að semja um eða bera fyrir sig kjör sem eru neytanda óhagstæðari en leiða myndi af lögnum og væri samningur aðila hafi hann komist á ógildur af þeim sökum.

VII
Álitsorð

Seljanda, Y, er skylt að greiða álitsbeiðanda, X, kr. 97.153.

Friðgeir Björnsson
formaður

Guðrún Björk Bjarnadóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir